

## 44. gr.

Breyta má skiptingu starfa hafi forsendur breyst. Fer um breytingar eftir ákvæðum 1. og 2. gr. starfsreglna þessara eftir því sem við getur átt.

Komi upp ágreiningur um skiptingu starfa skal málinu vísað til prófasts til úrlausnar. Prófastur leitar álits sóknarnefnda í prestakallinu og allra annarra hlutaðeigandi áður en hann ræður máli til lykta.

## 45. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 35., 39., 43. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999. Þær skal endurskoða innan tveggja ára frá setningu þeirra.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Setja skal prestum erindisbréf fyrir lok ársins 2000.

*Reykjavík, 10. desember 1998.*

**Jón Helgason**  
forseti kirkjuþings.

**Gunnar Sveinsson**  
þingskrifari.

## STARFSREGLUR

### um þjálfun prestsefna.

## 1. gr.

Á vegum og á ábyrgð biskups starfar þriggja manna þjálfunarteymi, sem sér um undirbúning guðfræðinema og kandiðata fyrir prestsþjónustu. Biskup ákvarðar starfsviðmið og verklag þjálfunarteymis.

## 2. gr.

Eigi síðar en í upphafi þriðja árs guðfræðináms skulu þau, sem hug hafa á kirkjulegu starfi að loknu námi, skrá sig til þjálfunar og fundar með biskupi. Þjálfunarteymi fundar árlega með skráðum þátttakendum og oftast ef þurfa þykir.

## 3. gr.

Komist þjálfunarteymið að þeirri niðurstöðu, að prestsstarf henti einstaklingnum illa, skal það kynnt biskupi, sem fundar síðan með nema/kandiðat.

## 4. gr.

Árlega skulu þau, sem hafa skráð sig til þjálfunar, sækja námskeið, sem þjálfunarteymi heldur. Þá skulu guðfræðinemar taka þátt í starfi safnaðar með reglulegum hætti og með því kynnast kirkjulífi af eigin raun.

## 5. gr.

Að fengnum jákvæðum umsögnum heimilar biskup kandiðat að hefja kandiðatsþjálfun. Þjálfunin skal vera minnst tveir mánuðir, hefjast með stofnanakynningu og ljúka með þjálfun

í dreifbýlis- og þéttbýlissöfnuðum. Þjálfunarteymi gerir starfs- og umsagnarreglur fyrir leiðbeinendur og handleiðara og undirbýr vitnisburð í hendur biskupi, áður en kandiðat getur sótt um embætti.

## 6. gr.

Biskup kallar nývígða presta til vinnuviku eða -vikna tvö fyrstu ár eftir vígslu og tryggir þeim aðgang að handleiðslu.

## 7. gr.

Um greiðslu til kandiðata og handleiðara fer eftir ákvörðun kirkjuráðs hverju sinni.

## 8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Reykjavík, 10. desember 1998.*

**Jón Helgason**  
forseti kirkjuþings.

**Gunnar Sveinsson**  
þingskrifari.

## STARFSREGLUR

### um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.

## 1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

## 2. gr.

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

1. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum þeirra embætta sem biskup semur um.
2. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um embætti við hlutaðeigandi aðila, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, ráðuneyti, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
3. Kynningu á starfsemiinni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
4. Önnur þau verkefni sem biskup felur henni.

## 3. gr.

Biskup ákveður hvar skuli veita prestsþjónustu meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 4. gr.

## 4. gr.

Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta sértekjur og andvirði þriggja þeirra prestsembætta er getur í 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, að meðtöldum embættiskostnaði við jafnmörg prestsembætti á Íslandi.